

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**141. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 4.september kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.
Mætt undirrituð.**

Dagskrá:

1. Skólastarf veturinn 2013 -2014 á Borðeyri. Leikskólastjóri kynnir. Skólastarf veturinn 2013 -2014 í leikskólanum Ásgarði. Leikskólastjóri kynnir.
2. Skólastarf veturinn 2013 -2014 í Grunnskóla Húnaþings vestra. Skólastjóri kynnir.
3. Tekið á dagskrá svarbréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi ósk fræðsluráðs Húnaþings vestra að ráðneytið svari til um skóladagatal Grunnskóla Húnaþings vestra 2013-2014.
4. Ráðning sálfræðings í Húnaþings vestra.

Afgreiðslur.

1. Skólastjóri sagði frá skólastarfi á Ásgarði og Borðeyri. Áherslan á báðum stöðum er að það eigi að vera gaman í skólanum og að nemendum líði vel. Nemendur á Borðeyri munu fara vikulega á mánudögum til Hvammstanga og taka þátt í kennslustundum þar. Nemendur munu fara alls í tuttugu og tvö skipti yfir skólaárið og mun því ferðum fjölga. List- og verkgreinar verða alfarið kenndar á Borðeyri. Á Ásgarði eru daglegar samverustundir sem byggja á málörvun og haldið verður áfram með flæði. Íþróttir eru tvisvar í viku og stefnt á að allir nemendur fái að fara tvisvar. Áfram verða prestatímar bæði á Borðeyri og Ásgarði.
2. Skólastjóri sagði frá skólastarfi í grunnskóla Húnaþings vestra. Nemendur eru 158. Áherslan er á áhugahvetjandi námsumhverfi og að fækka þröskuldum. Einnig fara nemendur á mismunandi tíma í mat og frímínútur. Helstu breytingar á innra starfi er teymisvinna kennara og samþætting námsgreina. Búið er að setja upp námsver bæði á Hvammstanga og Laugarbakka, auk þess sem stoðþjónusta er á breiðari grunni og með aukinni samvinnu. Bóðið er upp á rafrænt námsefni og stuðningsfulltrúar virkjaðir betur í teyminum. Einnig verða valgreinar fjölbreyttari þ.e. þjöppuð náms skeið, einingabærar valgreinar og samstarf við fyrirtæki. Verið er að vinna að innleiðingu aðalnámsskrár og í vetur er það grunnþættir menntunar, nýtt námsmat og skólanámsskrá sem verður unnið með.
3. Í svari Mennta- og menningarmálaráðuneytis kemur fram að ráðuneytið hafi eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um grunnskóla, reglugerðir og

reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámsskrá grunnskóla kveða á um. Ráðuneytið getur því ekki ályktað um skóladagatal einstakra skóla. Fræðsluráð undrast svar ráðuneytisins þar sem ráðuneytið hefur ályktað um skóladagatal einstakra skóla, að vísu alltaf eftir á og tilgangur fræðsluráðsins var að fá ábendingar ef einhverjar væri fyrir upphaf skólaárs þannig þær myndu nýtast skólastarfinu.

4. Dr. Björg Bjarnadóttir sálfræðingur hefur tekið til starfa og fræðsluráð býður hana velkomna. Björg mun vinna fyrir skólana fyrir hádegi og vera jafnan á Laugarbakka. Eftir hádegi mun Björg vera í ráðhúsinu..

Jóhanna Helga Sigtryggisdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólans. Kristín Ólöf Þórarinsdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna grunnskólans. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ritaði fundargerð.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16.35

Rakel Runólfisdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Sigrún Waage(sign)

Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign)